



Alfred Þorsteinsson borgarfulltrúi og Geir Hallgrímsson forsætisráðherra við myndina „Yndislegt er úti vor“. Tímamynd: Gunnar.

75 KJARVALSMYNDIR Á SÝNINGU AÐ KJARVALSSTÖÐUM

BH-Reykjavík. — Í gær var opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á verkum Jóhannesar Sveinsonar Kjarval. Eru að þessu sinni sýnd 75 verk meistarans í eigu Reykjavíkurborgar, en nokkur þeirra voru formlega afhent við opnun sýningarinnar. Enn önnur hafa borginni borizt að gjöf á

árinu, og þó nokkur verk sáust þarna í fyrsta sinni á sýningu.

Borgarstjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, bauð sýningargesti velkomna, minnst meistarans nokkrum orðum og helztu gjafa, er borginni hafa borizt í listaverkasafn, sitt. Því næst tók til máls Gunnar Gunnarsson

kaupmaður, sonarsonur Astu Hallsdóttur tannsmíðs, en erfingjar hennar færðu safninu undirfagurt listaverk eftir Kjarval til minningar um hana. Ber það nafnið Hugarkvöl og er málað 1945. Færði meistarinn vinkonu sinni verkið að gjöf á fimmtugs afmæli hennar.


A árinu hefur safninu borizt margt veglegra gjafa, og skal hér gefið þess helzta: Matthildur Kjartansdóttir, ekkja Guðbrands Magnússonar, gaf safninu tvö olíumálverk stuttu áður en hún lézt, en þau hjón dóu bæði á sl. ári. Annað verkið er málverk af þeim hjónum, „Yndislegt er úti

vor“, sem sérstaka eftirtekt vekur á sýningunni, Hallfríður, dóttir þeirra hjóna, hefur einnig gefið olíumynd og vatnslitamynd, „Hveitibrauðsskipið“, sem margir velta fyrir sér. Klara Guðmundsdóttir hefur gefið safninu olíumynd af föður hennar, Guðmundi Davíðssyni auk fjögurra teikninga, en í nóvember sl. voru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Helga Bjarnadóttir hefur gefið ljósmynd og bréf í minningu meistarans. Sigurgeir Þorvaldsson hefur gefið safninu ljód, skrautritað og innrammað, og loks hefur Óskar Gíslason gefið safninu kvikmynd um Kjarval og ljósmyndir.

Það er margt, sem vekur athygli gestins og labar augað á þessari sýningu. Ef til vill hrifst maður hvað sterkast af orkumyndunum tveim á göflum salarins, þeim, er áður hengu í írafossstöðinni, en eru nú komnar í eigu borgarinnar. Fögur og eftirtekatarverð er Viðeyjarmyndin frá 1930, sem hefur sögulegt heimildargildi með byggingararnar á austurtanganum. Skemmtilegt ihugunarefni eru mannamyndirnar í öllum sínum fjölbreytileik, sumar nánast einfaldar að gerð í stærð sinni, — og svo olíumálverk af Sigfúsi Johnsen með lilju í kjöltunni.

Heimur Kjarvals er stórfenglegur heimur, sem maður er ætíð þakklátur fyrir að mega skyggast inn í.

Aðgangur að Kjarvalssýningunni er ókeypis.



Reynir Þorgrímsson og Asgeir Gunnarsson með verðlaunin.

Junior Chamber hlaut verðlaun

NÝLEGA er lokið heimspingi Junior Chamber-hreyfingarinnar, sem að þessu sinni var haldið í borginni Auckland á Nýja-Sjálandi. Fulltrúi íslensku hreyfingarinnar var Reynir Þorgrímsson, landsforseti 1974.

A þessu þingi hlaut íslenska hreyfingin í fyrsta sinn alþjóðleg verðlaun, svokölluð „Springbok“ verðlaun, en þau eru einstöku sinnu veitt, þegar fram koma frábær kynningargögn um sjálfa hreyfinguna. Er það því mjög eftirsóttur hefur að hljóta þau.

Verðlaunaverkefnið var aðallega unnið af þeim Reyni Þorgrímssyni og Asgeiri Gunnarssyni með aðstoð þriggja annarra Junior Chamber-félaga, þeirra Ragnars Þ. Guðmundssonar, Ólafs Stephensen og Helga K. Hjálmsónar. Verkefnið samanstendur af sögulegri kynningu á

hreyfingunni með 38 slides-myndum, kynningargrein sem heitir „Hvað er J.C.??“, sem er nafn bókarinnar, og að lokum námskeið í stjórnum og skipulagi Junior Chamber félags í tveimur hlutum og tíu köflum. Fylgja því 16 glærur fyrir myndvarpa.

Þetta verk þykir það fremsta, sem til er innan alþjóðahreyfingarinnar. Auk þess fékk íslenska hreyfingin sérstaka viðurkenningu fyrir mikla aukningu félagsmanna, sem varð 80% á starfsárinu.

Að lokum munaði litlu, að önnur veigamikil verðlaun fengjast á þessu þingi, en í úthlutunarnefndinni munaði aðeins einu atkvæði að Ísland fengi verðlaun fyrir útgáfustarfsemi. Samtals voru gefin út á starfsárinu sjö námskeiða- og leiðbeiningarbæklingar.

Breytingar á Brauðbæ við Óðinstorg

gébé-Reykjavík. — A föstudaginn voru liðin tíu ár frá því að veitingahúsið Brauðbær var opnað og af því tilefni boðaði eigandi fyrirtækisins, Bjarni I. Arnason, blaðamenn á sinn fund og sýndi þeim hinar miklu og gagngeru breytingar, sem nýlega hafa verið gerðar á veitingahúsinu við Óðinstorg.

Veitingahúsið er mjög glæsilega innréttað, og sá teiknistofan ARKO um hönnun innréttinga. Þó munu flestar hugmyndirnar um breytinguna komnar frá eigandanum.

Nýjar flísar voru settar á gólf veitingahússins, og kostaði sú breyting hálf milljón króna. Þá var gólfrymi aukið, og nú komast fleiri í sæti en áður, en alls geta snætt þarna um fimmtíu manns í einu. Þá var og öllum innréttingum breytt, en sjón er sögu ríkari, en þeir eru áreiðanlega margir, sem eiga eftir að leggja leið sína í þetta glæsilega veitingahús.

Hjá Brauðbæ starfa um fjörutíu manns, en fyrirtækið rekur einnig

veitingahús við Hlemmtorg. Hinar frægu samlokur Brauðbæjar, sem fást í flestum matvöruverzlunum, eru vel þekktar í höfuðborginni, en einnig útbýr Brauðbær kalt bord og snittur fyrir viðskiptavinum sína og sendir heim.

Bjarni I. Arnason sagði, að á þessum tíu árum, sem fyrirtækið hefur starfað, hafi verið hafðar að leiðarljósi þær reglur að hafa gott hraeni til matargerðar og frábært starfsfólk með góðan starfsanda, sem vonandi hefði leitt til góðrar þjónustu við viðskiptavinina.

A matseðli veitingahússins gefur að lita marga girnilega rétti, og þar eru m.a. réttir sérstaklega ætlaðir fólki, sem vill halda líkamsþyngdinni í skefjum, — réttir með fáum hitaeiningum. Þá er séstakur barnamatseðill, og heitu réttirnir t.d. Andrésar andareggjakaka, Mikka músarhamborgari og fleira. Þau börn, sem ljúka af diskum sínum, fá svo Aladdin-is í verðlaun.



Eigandi Brauðbæjar, Bjarni Ingvar Arnason, ásamt konu sinni, Sigrúnu Oddsdóttur, og starfsstúlkum í hinum glæsilegu húsakynnum veitingahússins, v/Óðinstorg. Tímamynd: Gunnar.